

## Höggmyndin „Hug-sjón“ flutt suður í galvaniseringu

NÚ í vikunni var farið með myndverkið Hug-sjón eftir Ragnhildi Stefánsdóttur myndhöggvara í galvaniseringu til fyrirtækisins Stálvers á Ártúnshöfða, en Ragnhildur hefur unnið verkið í Járblendiverksmiðjunni á Grundartanga og unnið það í sérstaka járnsteypu blandaða kísilryki.

Verk þetta er unnið fyrir sýningu Myndhöggvarafélagsins sem hefst á Kjarvalsstöðum um helgina. Hún hefur unnið að þessu verki jafnhliða öðru verki uppi á Grundartanga, en það er verkið Tyrkja-Gudda, sem hún er að vinna fyrir Vestmannaeyinga.

Um hugmyndina að verkinu Hug-sjón, sagði Ragnhildur í samtali við Morgunblaðið: „Þetta er búr sem vill ekki vera búr, það teygir sig, berst um og vill breyta sér í eitthvað annað, svona kannski eins og manneskja sem reynir að losa sig við þau höft sem hún hefur sjálf.“

Unnið hefur verið að tilraunum með þessa kísiljárnsteypu uppi á Grundartanga undanfarna mánuði og frétti Ragnhildur af því og ákvað að prófa þetta efni. Hún

sagði að mjög gott væri að vinna með það, hún yrði eins og leir og væri mjög þurr. Þá væru í steypunni járntréfar, sem gerðu áferðina skemmtilega hrjúfa og svo væri styrkur þessarar steypu mjög mikill, sem gerði það að verkum að ekki þyrfti að steypa verk í brons, en það væri mun dýrara.

Ragnhildur Stefánsdóttir lauk prófi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands fyrir þremur árum og er á leið til Bandaríkjanna til frekara náms.

Ljósmyndina tók Friðbjófur Helgason ljósmyndari Morgunblaðsins í vikunni á Vesturlandsveginum er vörubíll frá ÞDP á Akranesi flutti verkið niður á Ártúnshöfða, en það er um það bil 3½ metri á hæð.

## Bjórfrumvarpið afgreitt úr nefnd í dag:

# Meirihluti nefndar hlynnur bjórnum

## Rætt um 5% hámarksstyrkleika

FASTLEGA er gert ráð fyrir að allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis afgreiði bjórfrumvarpið á fundi sínum árdegis í dag, og samkvæmt upplýsingum formanns nefndarinnar, dr. Gunnars G. Schram, er líklegt að það verði meirihluti fyrir samþykkt frumvarpsins í allsherjarnefnd.

Gunnar sagði að enn væri alveg eftir að ganga frá frumvarpinu og skrifa nefndarálit. Ekki myndi liggja fyrir með hvaða hætti mælt yrði með að bruggun og sala áfengs öls yrði leyfð hér á landi fyrir en nefndarálit hefði verið samið. Þó sagði Gunnar að til umræðu hefði komið hvort ætti að setja í lög hámarksstyrkleika og þá hefði talan 5% verið rædd, en það og annað væri enn ófrágengið.

Aðspurður hvort hann teldi að hægt yrði að afgreiða þetta frumvarp frá Alþingi á þessu þingi sagði

Gunnar: „Ef menn hafa áhuga á að afgreiða frumvarpið, þá verður það hægt. Það þarf ekki að taka nema örfáa daga að afgreiða frumvarpið

frá neðri deild. Fyrsta umræða þar er búin og önnur umræða þarf ekki að taka nema einn dag.“

Gunnar sagðist ekki telja að þingmenn myndu reyna að þæfa málið, þegar það væri komið úr nefnd.

## Sjómenn á Vestfjörðum:

# Verkföllin breiðast út

REIKNAD er með að sáttafundur í deilu ísfirskra sjómanna og útvegsmanna á Vestfjörðum verði haldinn öðru hvoru megin við næstu helgi, að sögn Guðlaugs Þorvaldssonar, ríkissáttasemjara.

„Ríkissáttasemjari hefur ekkert að gera hingað vestur ef útgerðarmenn eru ekki reiðubúnir til viðræðna á okkar grundvelli,“ sagði Sigurður Ólafsson, formaður Sjómannafélags Ísfirðinga, í samtali við blm. Morgunblaðsins.

Verkfallið, sem hófst í raun fyrir páska, er lítil áhrif farin að hafa á atvinnulíf á Ísafirði. Einhver fiskur

mun hafa borist þangað frá nágrannabygðunum.

Verkalýðsfélagið á Þingeyri hefur boðað verkfall sjómanna frá 17. apríl næstkomandi og síðdegis í gær átti ríkissáttasemjari von á verkfallsboðun frá Plateyri, sem væntanlega tekur gildi daginn eftir að verkfall hefst á Þingeyri.

# „Óforsvaranlegt að sleppa seiðunum“

— segir Gylfi Pálsson formaður Landssambands stangarveiðimanna

„VIÐ teljum óforsvaranlegt að sleppa seiðum úr stöð þar sem nýrnaveiki hefur komið upp, þrátt fyrir að sýkin hafi komið upp áður í öðrum stöðvum, því hugsanlegt er að sýkt seiði villist í önnur vatnasvæði,“ sagði Gylfi Pálsson, formaður Landssambands stangarveiðifélaga, í samtali við blaðamann Mbl. er hann var spurður um skoðanir stangarveiðimanna á aðgerðum til útrýmingar nýrnaveiki úr Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði.

son, formaður Landssambands stangarveiðifélaga, í samtali við blaðamann Mbl. er hann var spurður um skoðanir stangarveiðimanna á aðgerðum til útrýmingar nýrnaveiki úr Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði.

Eins og fram hefur komið kom nýrnaveiki upp í stöðinni fyrir í vetur og hefur fisksjúkdómanefnd gert tillögur til landbúnaðarráðherra um að öllum fiski í stöðinni verði slátrað. Ráðherra hefur hinsvegar ekki gefið út hvað gert verði en komið hefur til tals, ekki sist meðal fiskeldismanna, að sleppa seiðunum í hafbeit og sótthreinsa síðan stöðina.

„Stjórn Landssambandsins hélt fund með veiðimálastjóra og sérfræðingi fisksjúkdómanefndar fyrir í vetur og lýstum við þá yfir áhyggjum okkar vegna þess dráttar sem verið hefur á aðgerðum gegn nýrnaveikinni í Kollafjarðarstöðinni,“ sagði Gylfi. „Við sögðum sem svo: Það er vitað og yfirlýst að laxar úr Kollafjarðarstöðinni hafa gengið í ár nánast um allt land, eða allt frá Lagarfjótum, suður um land og vestur til Súgandafjarðar. Við teljum óforsvaranlegt að sleppa seiðum úr stöð þar sem þessi sýki hefur komið upp, þrátt fyrir að hún hafi komið upp áður í öðrum stöðvum, því hugsanlegt er að sýkt seiði villist upp í önnur vatnasvæði.“

Þá er nauðsynlegt að það komi fram að það hefur ekki verið staðfest að nýrnaveiki sé í villtum laxi í ám á Íslandi,“ sagði Gylfi enn fremur, og ályktanir um að svo kunni að vera eru örökstuddar tilgátur. Meðan svo er teljum við ekki forsvaranlegt að sleppa seiðum sem kunna að vera sýkt af svo alvarlegum sjúkdómi í hafbeit.“

## Landsfundur settur í dag:

# Allir fulltrúar koma

LANDSFUNDUR Sjálfstæðisflokksins verður settur í Laugardalshöll kl. 17.30 í dag. Rétt til setu á fundinum eiga 1189 fulltrúar og síðdegis í gær höfðu allir fulltrúarnir tilkynnt fundarsókn sína, en að sögn Kjartans Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, hefur slíkt aldrei gerst áður.

Kjartan sagði að á landsfundinum 1983 hefðu 1099 fulltrúar átt rétt til fundarsetu, en 1091 hefðu greitt atkvæði í formannskjöri.

# „Línuhraðall jafnstórt stökk og kóbalt-tækið fyrir 15 árum“

— segir Þórarinn Sveinsson yfirlæknir krabbameinsdeildar á Landspítalanum

Lionsmenn á Íslandi munu standa að landsöfnun dagana 12. til 14. apríl nk. með sönnu á „Rauðu fjöðrinni“. Að þessu sinni verður söfnunarfénu varið til kaupa á línuhraðli, sem er geislalækningartæki og er ætlaður staður í K-byggingu Landspítalans.

Af því tilefni hafði Mbl. samband við Þórarinn Sveinsson, yfirlæknir á Krabbameinslækningadeild Landspítalans, og bað hann að segja litillega frá eiginleikum tækisins og hverju það kæmi til með að breyta við geislalækningar hér á landi.

„Breytingin sem verður á geislalækningum með línuhraðli er jafnstórt stökk og þegar kóbalt-tækið kom hingað fyrir 15 árum. Kóbalt er geislavirkt efni, sem gefur frá sér röntgengeislun, en orkan er föst og óumbreytanleg. Með línuhraðli er hægt að auka styrkleika röntgengeislans eftir því hversu innarlega í líkamnum æxlið liggur og þá stendur valið um tvö orkustig. Vilji maður hins vegar beina geislunum að æxli, sem liggur grunnt, allt frá einum cm til sex undir húð, þá er hægt að taka út geisla, sem elektrónur og velja á milli 5 orkuþrepa. Geislinn sem línuhraðall gefur frá sér er auk þess öðruvísi í laginu og eru öll ytri mörk meðferðarsvæðisins skarpari og er því hægt að gefa hærri geislaskammta nálægt viðkvæmun líffærum eins og t.d. auga eða mænu. Þetta eðli geislans hefur í



Þórarinn Sveinsson, yfirlæknir.

för með sér að aukaverkanir á heilbrigðan vef, sem liggur nálægt æxlinu, minnka verulega. Í sem stystu máli má segja að með línuhraðli minnki aukaverkanir sem fylgja geislalækningum, um leið og tækið gerir mögulegt að bæta árangur meðferðar vegna aukinnar nákvæmni og þar af leiðandi hærri geislaskammta í æxlisvefinn.“


Þórarinn benti á að hér á landi

væru greind 700 ný krabbameins-tilfelli á ári og ef það er margfaldað með meðalævilengd þá væru það 52.500 tilfelli á hverja meðalævi Íslendinga. Væri reiknað áfram með um 230 þús. íbúum í landinu án aukinnar tíðni sjúkdómsins þýddi það að 4 til 5 hver Íslendingur fengi krabbamein. Í dag er áætlað að hægt sé að lækna milli 40–50% krabbameinssjúklinga, ef aðstæður eru góðar, en það eru um 20 þús. Íslendingar á ári. Með línuhraðli væri stigið stórt skref í þá átt.

„Forsenda þess að hægt var að fá tækið hingað til landsins er sú að yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð tók þá ákvörðun

ad hefja byggingu þess hluta K-byggingar þar sem tækinu er ætlaður staður, en byrjað var að kanna það mál 1979. Vegna sterkra geisla þarf að sérhanna húsnæði fyrir línuhraðalinn og er stefnt að því að hægt verði að taka á móti fyrstu sjúklingunum 1988. Hingað til höfum við sent sjúklinga héðan í meðferð erlendis, en í framtíðinni munum við ekki sætta okkur við lakari þjónustu né árangur hér á landi. Við höfum alla þekkingu til þess í landinu að standa öðrum þjóðum jafnfætis ef ekki framur á þessu sviði,“ sagði Þórarinn að lokum.

Sjá fylgiblað B um landsöfnun Lionsmanna



Línuhraðall eins og sá sem safnað verður fyrir.